

1.fundur hreppsnefndar 2017 haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði miðvikudaginn 25.janúar kl. 14:00.

Mætt eru; Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarheiður Fossdal Melum, Ingólfur Benediktsson Ánesi 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Hrefna Þorvaldsdóttir gat ekki mætt, oddviti skrifar fundargerð.

Oddviti bað um heimild til þess að bæta við einu málefni sem er bréf frá rekstraraðilum Kaffi Norðurfjarðar og var það samþykkt.

### **Dagskrá fundarins:**

1. Byggingarfulltrúi; erindi varðandi deiliskipulag og fleira.
  2. Norðurfjarðarhöfn, löndunarkrani o.fl.
  3. Finnbogastaðaskóli, erindi frá skólastjóra og fleira.
  4. Erindi frá Reyni Traustasyni.
  5. Kolbeinsvík, umsóknir um leigu á rekaréttindum.
  6. Erindi frá rekstraraðilum Kaffi Norðurfjarðar.
- 
1. Erindi frá byggingarfulltrúa. Byggingarleyfi fyrir sumarbústað í Kúvíkurlandi lögð fram og samþykkti hreppsnefnd bygginguna fyrir sitt leiti (landnúmer 141693). Einnig samþykkir hreppsnefnd skráningu nýrrar lóðar í landi Munaðarness (landnúmer 14698). Ennfremur ákvað hreppsnefnd að taka þyrfti til athugunar að skrá alla búsetu- og annars konar gáma sem eru í sveitarfélaginu svo hægt sé að innheimta stöðugjöld af þeim.
  2. Norðurfjarðarhöfn. Rætt var hvort myndi borga sig að láta gera við gamla löndunarkranann eða kaupa nýjan. Hreppsnefnd ákvað að afla strax nánari upplýsinga varðandi verð á viðgerð, verð á nýjum krana og síðast en ekki síst afhendingarfrest, til að geta borið þetta saman og niðurstaðan varð sú að kaupa frekar nýjan krana sem mun kosta um 4 milljónir króna. Einnig var erindi Gunnsteins Gíslasonar tekið fyrir og rætt. Ákveðið var að kaupa af honum lyftarana tvo og kanna svo betur hvaða leiðir eru færar vegna ísframleiðslu. Oddviti mun ræða málin við Gunnstein. Oddviti var líka falið að tala við Orkubú Vestfjarða varðandi þriggja fasa rafmagn og ljósavél fyrir höfnina.
  3. Finnbogastaðaskóli, erindi frá skólastjóra. Ákveðið var að leyfa kaup á endurvinnslukassa og skólastjóra falið að annast það. Einnig var fallist á að skólinn tæki þátt í verefninu Vinir Hróa Hattar.
  4. Erindi frá Reyni Traustasyni. Hreppsnefnd ákvað að falast eftir skriflegri umsókn varðandi málið og þá mun verða tekin ákvörðun um framhaldið.

5. Hreppsnefnd ákvað að taka ekki ákvörðun að svo stöddu varðandi útleigu á rekaréttindum Kolbeinsvík og málinu vísað til næsta fundar.
6. Erindi frá Kaffi Norðurfirði. Ingólfur Benediktsson tók að sér að skoða loftræstibúnaðinn og finna út hvað þarf að gera fyrir uppþvottavél. Séð verður um að geislabúnaðurinn verði í góðu lagi og ákveðið var að styrkja til innkaupa með sömu upphæð og á síðasta ári, eða kr. 35.000,- og þar í væru þá kaup á nýrri brauðrist. Hreppsnefnd lýsir yfir mikill ánægju með áform um gott samstarf og styrkumsóknir í tenglum við það.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi lauk kl. 16:30